



Ólafsfjörður 4. júní 2010

## **Almennt útboð á elduðum mat fyrir nemendur í 1.-10. bekk og starfsfólk grunnskóla í Fjallabyggð, Siglufirði**

Óskað er eftir tilboði í eldaðan mat handa nemendum í 1.-10. bekk og starfsmönnum skólans á Siglufirði. Gert er ráð fyrir að skólinn hefjist 1. september 2010 og ljúki 7. júní 2011 og að nemendur fái heita máltíð í hádeginu frá 2. sept. – 3. júní.

### Fjöldi nemenda / starfsmanna og tími:

Nemendur borða í tveimur hópum; nemendur í 1.-6. bekk verða 73 talsins og nemendur í 7.-10. bekk verða alls 135. Starfsmenn eru um 30 talsins. Áætlað er að um 70-80% nemenda muni borða eldaðan mat í hádeginu.

Nemendur eru 30 mínútur í hádegismat á tímabilinu 11:50-13:00, 5 daga vikunnar, eða samkvæmt skóladagatali Grunnskóla Fjallabyggðar.

### Bjódandi;

- Leggur til húsnæði og afgreiðir matinn.
- Ber ábyrgð á að matur sé nægur fyrir nemendur.
- Leggur til borðbúnað hverju sinni.
- Sér um uppvask.
- Greiðir launakostnað vegna síns starfsmanns í hádegi.

### Óskað er eftir:

Tilboði í verð pr. nemanda / starfsmann.

Sýnishorni af matseðli til 8 vikna.

Staðfestingu á samþykktu starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti.

Nýlegri eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits.

Upplýsingum um aðstöðu og búnað í eldhúsi.

Upplýsingum um menntun og /eða reynslu starfsfólks.

Sakavottorði.

### Gæðakröfur:

Bjódandi skal uppfylla ákvæði úr reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Matvæli sem bjódandi selur skulu uppfylla öll þau skilyrði sem um þau gilda samkvæmt lögum og reglugerðum. Innra eftirlit skal vera virkt og þarf nýjasta eftirlitsskýrsla frá heilbrigðiseftirlitinu að staðfesta það. Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla til heilbrigðiseftirlit, ef hann telur þörf á.

Matseðill skal vera í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar sem finna má í Handbók fyrir skólamötuneyti frá 2005.

Fylgst skal með nemendum sem eru með ofnæmi fyrir ákveðnum fæðutegundum og skulu þeir fá annars konar heita máltíð.

Tímabil samnings:

Samningstími er tvö ár, frá 2. sept. 2010 – 3. júní 2012.

Vísitöluviðmið:

Verð tekur breytingum samkvæmt þróun vísitölu neysluverðs og reiknast árlega þann 1. september.

Uppsögn:

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 3 mánaðar fyrirvara. Lok uppsagnarfrests miðast þó við í fyrsta lagi við lok næstu annar eftir að uppsögn er tilkynnt.

Tilboð sendist til:

Karítasar Skarphéðinsdóttur Neff, fræðslu- og menningarfulltrúa á skrifstofu Fjallabyggðar, Ólafsvægi 4, 625, Ólafsfirði **fyrir 21. júní 2010**. Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Fjallabyggðar, Ráðhúsi, Gránugötu 24, þann **22. júní kl. 14:00**.

Kaupandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

**Vakin er athygli á því að heimilt er að senda inn frávíkstilboð ef ofangreint fyrirkomulag hentar ekki bjóðanda.**

Upplýsingar:

Hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu Lýðheilsustöðvar (lydheilsustod.is – útgefið efni – bækur, bæklingar, kennsluefni og skýrslur – næring og holdarfar – handbók fyrir skólamötuneyti) og á heimasíðu Menntasviðs Reykjavíkur, en þar má finna;

Gæðahandbók skólamötuneyta útg. Leikskóla- og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um matvæli frá 1995.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu.

Reglugerðir og auglýsingar á matvælasviði.

Fæðuofnæmi og fæðuóþol – upplýsingar fyrir matreiðslufólk í skólamötuneytum.

Nánari upplýsingar veitir:

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff fræðslu- og menningarfulltrúi

f. h. Fjallabyggðar:

---

Karítas Skarphéðinsdóttir Neff  
Fræðslu- og menningarfulltrúi